

L Ö G**um breyting á lögum nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal ákveðin samkvæmt reglugerð, er borgarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 6. gr. orðist svo:

Rísi ágeiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.

2. gr.

Orðin „sem átt hafa sér stað eftir 1. janúar 1961“ í síðustu mgr. 11. gr. falli niður.

3. gr.

14. gr. orðist svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi, og annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.